

M-14/2012. Álit 31. maí 2012.

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 31. maí 2012 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-14/2012.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 20. febrúar 2012 bað X, hér eftir nefndur álitsbeiðandi um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á nýrri bifreið af Y, hér eftir nefndur seljandi. Telur álitsbeiðandi bifreiðina vera haldna göllum og gerir körfu um að seljandi bæti úr þeim.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 21. febrúar 2012 var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og var tveggja vikna frestur veittur til að skila þeim. Þann 8. mars óskaði seljandi eftir viðbótarfresti og var tveggja vikna frestur veittur. Andsvör seljanda bárust nefndinni 26. mars. Hinn 28. mars voru álitsbeiðanda send andsvörin til upplýsinga og bent á heimild hans til að hafa uppi athugasemdir vegna andvaranna. Hann nýtti sér þá heimild og skilaði athugasemdum sínum 2. apríl 2012.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni kemur fram að álitsbeiðandi hafi þann x. apríl 2006, keypt Mazda 6 bifreið af seljanda á kr. 2.263.430.

Í álitsbeiðni segir ennfremur orðrétt:

„Sumarið 2010 varð ég vör við loftbólur á báðum afturbrettum bifreiðarinnar. Þetta ágerðist og lakkið fór að flagna af og ryð-blettir að myndast. [...] Ryð-blettirnir mynduðust einungis á þessum tveimur stöðum á bifreiðinni og er því um galla að ræða á sprautulökkun bílsins/verksmiðjugalli sem ekki á að eiga sér stað á ógallaðri vöru.“

Meðfylgjandi álitsbeiðni eru fjórar ljósmyndir sem álitsbeiðandi segir sýna ryðbletti og loftbólur á afturbrettum umræddrar bifreiðarinnar.

Þá segir loks í álitsbeiðninni:

„Kröfur mínar eru þær að bifreiðin verði lagfærð á þeim stöðum (báðum afturbrettum bifreiðarinnar) þar sem ryð-blettirnir mynduðust þar sem um augljósan galla er að ræða á þessari tilteknu bifreið. Ég tel að um galla sé að ræða á bifreiðinni minni sökum þess að við skoðun á öðrum sambærilegum bílum (þ.e. gerð, árgerð o.þ.h.) eða öllu heldur eins bifreiðum sömu árgerðar, er slíkur galli (myndun loftbóla, flögnun lakks og/eða ryð-blettir) ekki til staðar.

Enn fremur tel ég skrítið að ryð-blettirnir myndist á álíka stað, þ.e. á báðum afturbrettum bifreiðarinnar: rétt fyrir ofan aftur-dekkin og að blettirnir hafi birst með sama hætti, þ.e. fyrst myndast loftbólur, síðan flagnar lakkið af með þeim afleiðingum að ryð-blettir myndast.

Síðast en ekki síst vil ég nefna það að þegar ég fór með bifreiðina í aðalskoðun var mér bent á að fara til umboðs- og söluaðila Mózdu á Íslandi og tilkynna um þessa ryð-bletti á bílnum því þetta væri augljós galli á bifreiðinni: “þetta myndast ekki upp úr þurru”.

Þá fylgja einnig með álitsbeiðni reikningar fyrir skoðunum hjá seljanda, smurþjónustu og ýmsum viðgerðum sem kærunefndin telur ekki ástæðu til að rekja frekar.

IV Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda segir:

„Bifreiðin xx-000 sem er Mazda 6 var seld xx.4.2006 með almennum tveggja ára kvörtunarrétti og framlengingu kvörtunarréttar frá Mazda til þriggja ára eða að 100.000 km og er því kvörtunarréttur liðinn.

Árlega þjónustuskoðanir fyrir Mazda bifreiðar innifela skoðun á yfirbyggingu en eigandi hefur ekki sinnt þeim fyrirmælum framleiðanda.

Eigandi tekur fram í kvörtun sinni að hann hafi tekið eftir loftbólum á afturbretti sumarið 2010 en kemur ekki með athugasemd til Y fyrr en í febrúar 2012 og skemmdin þá orðin það mikil að ekki er hægt að sjá hvað olli henni í upphafi. Hvort að lakkhúðin hafi opnast vegna steinkasts eða vegna galla í lakki. Það er skylda eiganda að láta vita svo fljótt sem auðið er ef hann telur að um galla sé að ræða til að hægt sé að meta hvort um raunverulegan galla er að ræða og ef svo er lágmarka kostnað við viðgerð. Kostnaður við viðgerð nú margfaldur miðað við það sem hann hefði verið ef brugðist hefði verið strax við árið 2010.

Y getur því ekki annað en hafnað kröfu um greiðslu kostnaðar við umrædda viðgerð.“

V Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum álitsbeiðanda við andsvör seljanda segir m.a. orðrétt:

„Loftbólur og ryðblettir sem um ræðir á báðum afturbrettum bifreiðar (ekki má gleyma því að loftbólur þessar og ryðblettir eru staðsettir á sama stað á sitthvoru afturbrettinu á bifreiðinni og mynduðust á nákvæmlega sama hátt) geta ekki hafa orsakast af völdum steinakasts né annarra utan að komandi atvika eins og seljandi vill halda fram sökum þess að ekki eru nein sjáanleg göt eða sprungur á bifreiðinni þar sem ryðblettir eru sjáanlegir.

- Ef leitað yrði álits sérfræðingur yrði hann þess fljótt var að steinakast eða önnur utan að komandi atvik eru ekki orsök þess sem hér um ræðir.
- Ekkert sem bendir til á bifreiðinni að þetta hafi getað gerst vegna utan að komandi atvika. Loftbólur byrjuðu einfaldlega að myndast af einhverju ástæðum og lakkið svo losnað frá[...].
- Ekkert sem bendir til að loftbólur og ryðblettir þessir stafi af vanhirðu eiganda þar sem augljóslega má sjá að bifreiðin er vel-meðfarin á allan máta. Lakkið annars staðar á bifreiðinni en á framangreindum tveimur stöðum á afturbrettum er í ágætu ástandi og ekkert sem bendir til slæmrar hirðu. [...]

Hér er um að ræða galla á lakki bifreiðar (lakksemmd) og er þetta ástand í engu samhengi við það sem álitsbeiðandi mátti vænta við kaup á slíkum hlut sbr. b-lið 2. mgr. 15. gr. laga nr. 48/2003 og að 4-5 árum eftir að kaup eiga sér stað fari lakk bifreiðar að losna af bílnum. En lakk á bifreið ætti að endast talsvert lengur en þetta (4-5 ár), sérstaklega ef notkun og hirðing bifreiðar sé á engan hátt ábótavant. Er hér því um alvarlegt ástand að ræða en svo að seljandi geti firt sig ábyrð á göllum sem þessum með því að vísa til þess að galla sem þessum mátti fyrirbyggja ef kaupandi hefði komið með bifreiðina til reglubundinnar skoðunar.

- Álitsbeiðandi heldur því fram að eitthvað hafi verið að því efni sem til smíðinnar var notað því ekkert utan að komandi hafi getað valdið þessu.
- Einnig var álitsbeiðanda bent á þegar farið var með bifreiðina í aðalskoðun að hafa samband við umboðs- og söluaðila Mazda á Íslandi og tilkynna þeim um áður nefnt

ástand á bifreiðinni því að það var mat þeirra að hér væri um galla að ræða og að slíkar lofbólur og ryðblettir “mynduðust ekki upp úr þurru”. [...]

Svör álitsbeiðandi við andmælum seljanda varðandi seinkomna kvörtun (í febrúar 2012) eru þau að álitsbeiðandi vissi ekki betur. Álitsbeiðandi gerði sér ekki grein fyrir þessu ástandi í upphafi (enda var það þá smávægilegt) þ.e.a.s. lakkið fór af fyrst á annari hlið afturbrettis bifreiðarinnar í lok árs 2011 og á sama tíma hafði smávægileg loftbóla myndast á hinni hlið afturbrettisins – fór álitsbeiðandi þá að fylgjast betur með þessu en áttaði sig ekki á því að hér gæti verið um galla að ræða þar sem þetta var smávægilegt. Það var ekki fyrr en farið var í aðalskoðun með bifreiðina í janúar 2012 og síðar látið skipta um olíu í febrúar 2012 að álitsbeiðanda var bent á að loftbólurnar og ryðblettirnir (sem voru orðnir fleiri og stærri) væru ekki eðlilegt ástand og því ætti álitsbeiðandi að hafa samband við umboðs- og söluaðila Mazda á Íslandi og tilkynna um þennan galla.“

Þá telur álitsbeiðandi að lakkskemmdirnar sem um ræðir séu tvímælalaustr galli í skilningi 16. gr. laga um neytendakaup nr. 48/2003 og að bifreiðin sé því ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 15. gr. sömu laga. Gerir álitsbeiðandi þá kröfu að seljandi lagfæri lakkskemmdirnar sér að kostnaðarlausu eða bæti úr gallanum með öðrum hætti án verulegs óhagræðis fyrir álitsbeiðanda.

Álitsbeiðandi vísar einnig til álits kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa frá 30. júní 2009 nr. 39/2009 máli sínu til stuðnings.

VI

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið neftndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup, sbr. 1.- 3. mgr. 1. gr. laganna.

Í 15. gr. laga um neytendakaup er fjallað um hvaða eiginleika söluhlutur þarf að hafa. Í b-lið 2. mgr. segir að söluhluturinn skuli „hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað“. Í a-lið 1. mgr. 16. gr. sömu laga segir að söluhlutur teljist gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 15. gr. Söluhlutur telst þó ekki gallaður nema gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða“ eins og segir í 1. mgr. 26. gr. laganna.

Komi fram galli á söluhlut verður neytandi að tilkynna seljanda innan ákveðinna tímamarka að hann muni bera fyrir sig galla á söluhlutnum en geri hann það ekki glatar hann rétti gagnvart seljanda vegna gallans. Í 27. gr. neytendakaupalaga er kveðið á um þessi tímamörk. Þar segir m.a.:

Ef söluhlutur er gallaður ber neytanda að tilkynna seljanda um að hann muni bera gallann fyrir sig án ástæðulauss dráttar frá því að hann varð galla var eða mátti verða hans var. Frestur neytanda til að leggja fram kvörtun er aldrei styttri en tveir mánuðir frá því að hann varð galla var.

Ef neytandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki borið gallann fyrir sig síðar. Ef söluhlut, eða hlutum hans, er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti er frestur til að bera fyrir sig galla fimm ár frá því að hlutnum var veitt viðtaka. Þetta gildir ekki ef seljandi hefur í ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum samningi tekið á sig ábyrgð vegna galla í lengri tíma.

Kæruneftndinni þykir rétt að taka hér fram að þau viðmið sem framleiðandi söluhlutar setur um ábyrgð sína vegna galla á söluhlutum geta ekki takmarkað þann rétt sem neytandi á gagnvart þeim er selt hefur honum hlutinn hér á landi þegar kaupin falla undir lög nr. 48/2003, en þau lög eru óundanþæg, sbr. 1. málslíð 1. mgr. 3. gr. Að því er ábyrgð seljanda á

söluhlut varðar skiptir ekki máli hvaða samninga seljandi söluhlutar kann að hafa gert við framleiðanda hans þar um.

Samkvæmt 1. mgr. 27. gr., sem að framan er rakin, ber neytanda, ef söluhlutur er gallaður, að tilkynna seljanda um að hann muni bera gallann fyrir sig án ástæðulauss dráttar frá því að hann varð galla var eða mátti verða hans var. Líkt og framangreindir varð álitsbeiðandi fyrst vör við loftbólur á afturbrettum bifreiðarinnar sumarið 2010. Ekkert kemur fram í gögnum málsins um að álitsbeiðandi hafi tilkynnt seljanda um umræddan galla á bifreið fyrir en með kvörtun til kærunefndarinnar í febrúar 2012. Það er því ljóst að rúmlega eitt og hálf ár leið frá því að álitsbeiðandi varð gallans var þar til að seljanda var tilkynnt um gallann. Í ljósi þess er það álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa að hafna beri kröfum álitsbeiðanda.

VII

Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Áslaug Árnadóttir

Lárus M.K. Ólafsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir